

ENNÝALL

I

Ennýall þýðir Nýall enn, eða framhald af Nýal. En sjálfst það heiti á að tákna, að bókin flytur nýung meiri en áður hefir komið fram á jörðu hér, og miðar að því, að skapaður verði nýr himinn og ný jörð, svo að ég noti orðtæki, sem þýðir hér ekki annað en það, að jörðin muni taka svo miklum breytingum að hún þyki sem ný, og afstaða vor og útsýn til heimsins alls, verða mjög á annan og betri veg en nú er. Lítil byrjun, munu menn segja, og er það rétt. En án slíkrar byrjunar, getur hið nauðsynlega og stórkostlega framhald ekki orðið, eins og áður hefir verið að nokkru útlistað.

II

Enginn mun neita því, að um nýung er að ræða, þar sem lífið eftir dauðann er skoðað í hreinu ljósi náttúrufræðinnar, svo að augljóst verður, að það er beinlínis framhald af lífinu fyrir dauðann. Lífið eftir dauðann er þegar byrjað hér á jörðu. Líkami vor er alltaf að smádeyja og lifna aftur. Hinir minnstu hlutar líkamans slitna alltaf og eyðast, en endurskapast eða vaxa aftur, jafnharðan. Er það nefnt regeneration eða endurvöxtur. Og jafnvel þó að líkaminn bili svo, að hann verði alóhæfur til lífs, og maðurinn deyi, sem kallað er, þá er ekki endurvaxtarhæfileikinn úr sögunni, því að hann á heima á aflsvæði, sem ekki líður undir lok, þó að líkaminn ónýtist, heldur hverfur frá hinum dauða líkama og framleiðist á annarri jörð, þar sem hið almenna lífaflsvæði er því skyldast, og heima eiga þeir sem líkastir eru því sem maðurinn var í lífinu hér á jörðu. Og þar skapast nú á þessu aflsvæði nýr líkami, með þeim hætti, sem nefnist

III

Ennýall er til orðinn á löngum tíma, og má hver kafli heita aflraun nokkur. Hefi ég setið yfir því stundum, nótt eftir nótt, fram undir morgun, sem ég hefði komið af á nokkrum klukkustundum, ef ég hefði getað gengið að verkinu óþreyttur. En reynt hefi ég til að hætta ekki við, fyrr en það hafði tekist nokkurn veginn, sem ég ætlaði mér í það skiptið. Eru nú nokkrar horfur á því, að betur fari að ganga, og ég er jafnvel vongóður um að næsta bók geti komið þegar á því þýðingarmikla ári, sem nú fer í hönd. Allflestir kaflar Ennýals hafa komið áður, í blöðum ýmsum og tímaritum, eins og mjög margir vita, en þó er hér um aðra útgáfu að ræða af ritgerðunum, endurbætta. Og fullt gagn geta menn ekki haft af greinum þessum fyrr en nú, er þeir hafa þær allar í einum stað.

Að endingu þakka ég öllum þeim, sem á einn eða annan hátt hafa stutt að því að bók þessi er komin út, og mun þó þakka betur síðar, þegar máttur minn er orðinn meiri, eins og ekki þarf að efa að verður.

16. des. '29